

Mansal 2025

Ársskýrsla



Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Ársskýrsla 2025 - Mansal



Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2025 - mansal

Ábyrgðaraðili: Jenný Kristín Valberg teymisstýra Bjarkarhlíðar

Uppsetning: Samantekt og tölfræði Þóra Björk Ágústsdóttir og Jenný Kristín Valberg

Útgáfustaður: Reykjavík, maí 2026

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Efnisyfirlit



Inngangur.....	4
Birtingarmyndir.....	6
Áhættuhópar.....	8
Samstarf, fræðsla og fundir.....	9
Verklag.....	11
Tölulegar upplýsingar.....	12
Áskoranir og tækifæri.....	19
Umræða og framtíðarsýn.....	24



Bjarkarhlíð hefur það hlutverk, samkvæmt samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið annars vegar og dómsmálaráðuneytið hins vegar, að samhæfa aðgerðir og kalla til viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál eða þegar grunur er um slíkt. Bjarkarhlíð hefur haft þetta hlutverk frá árinu 2020, upphaflega samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið og síðar einnig samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið.

Umfangið vegna mansalsmála hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og ákveðið var að ráða samhæfingarráðgjafa mansalsmála í fullt starf árið 2024 til að halda utan um þau mál. Samhæfingarráðgjafi hóf störf í september 2024 og er árið 2025 því fyrsta árið þar sem hann er í fullu starfi hjá Bjarkarhlíð.

Samhæfingarráðgjafi heyrir undir teymisstýru Bjarkarhlíðar sem einnig sinnir mansalsmálum.

Samhæfingarráðgjafi hefur það hlutverk samkvæmt samningi við ráðuneytið að:

- Taka saman lög og reglugerðir er lúta að málaflokknum.
- Safna saman gátlistum og leiðbeiningum er lúta að þjónustu við þolendur mansals.
- Taka saman ferla mismunandi stofnana og samtaka sem koma að mansalsmálum, s.s. innan lögreglu, Útlendingastofnunar, félagsþjónustu, Vinnumálastofnunar, félagasamtaka og Vinnustaðaeftirlits ASÍ.
- Kynna hlutverk Bjarkarhlíðar í mansalsmálum, á stað- og fjarfundum, fyrir viðeigandi viðbragðsaðilum á landsbyggðinni.
- Taka saman og rýna athugasemdir GRETA og bregðast við þeim með úrbótum á verklagi eða með öðrum hætti eftir því sem þarf.
- Halda utan um mansalsmál sem koma á borð Bjarkarhlíðar, kalla saman viðeigandi viðbragðsaðila og samræma viðbrögð og þjónustu til þolenda mansals, eða þegar grunur er um slíkt.
- Hafa forgöngu um kynningu á eðli mansals og hvernig það virkar á heimsvísu fyrir þau sem þurfa að hafa þekkingu þar á.
- Móta og samræma almennt verklag þegar kemur að þjónustu við þolendur mansals, kynna það og gera aðgengilegt á vefsíðu Bjarkarhlíðar.
- Leita leiða til þess að ná sérstaklega til þolenda vændismansals.
- Taka virkan þátt í starfsemi Bjarkarhlíðar þegar við á og á þarf að halda.

Þegar upp kemur grunur um mansal er það hlutverk Bjarkarhlíðar að kalla til samstarfsaðila og mynda viðbragðsteymi. Í teyminu geta, allt eftir því sem við á hverju sinni, verið fulltrúar frá lögreglu, Útlendingastofnun, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem málið kemur upp í,

Inngangur



auk félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem viðkomandi brotapolí er með lögheimili. Aðrir viðbragðsaðilar geta t.d. verið Kvænnaathvarfið, Vinnumálastofnun, fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, heilsugæsla og eftir atvikum aðrar stofnanir eða félagsamtök.

Bjarkarhlíð hefur það hlutverk að veita þolendum ráðgjöf og andlegan stuðning, auk þess að tengja þolendur við þau úrræði sem við á hverju sinni. Þar má til dæmis nefna virkniúrræði á vegum félagasamtaka, nám á framhaldsskólastigi eða aðstoð við atvinnuleit. Ráðgjafi hefur jafnframt lagt áherslu á að byggja upp tengslanet við sem flesta aðila sem kunna að koma að málum. Markmiðið er að hafa yfir að ráða fjölbreyttri verkfærakistu og öflugu tengslaneti til að geta mætt ólíkum þörfum þolenda.

Samhæfingarráðgjafi hefur einnig það hlutverk að kynna starfsemina fyrir þjónustuveitendum. Lögð er áhersla á að fræða starfsfólk opinberra stofnana og aðra þjónustuveitendur um mansal og hlutverk Bjarkarhlíðar því tengdu. Einnig er lögð áhersla á að efla tengsl við fagaðila.

Fagfólk annarra samtaka og stofnana getur haft samband við Bjarkarhlíð og fengið ráðgjöf, bæði almenna ráðgjöf og ráðgjöf vegna einstakra mála, og er því lykilatriði að hafa myndað tengsl við fagfólk og það viti af þessari þjónustu Bjarkarhlíðar.

Bjarkarhlíð tekur þátt í ráðstefnum og málstofum sem tengjast mansalsmálum og kynnrir málaflokkinn eftir því sem tækifæri gefast.





Helstu birtingarmyndir mansals eru vinnumansal, nauðungarhjólaband, nauðungarþjónusta, vændi og þvinguð afbrot.

Vinnumansal virðist koma upp í nær öllum atvinnugreinum, en þau mál sem Bjarkarhlíð hefur haft afskipti af hafa einkum tengst byggingariðnaði, veitingageiranum, ýmsum þjónustustörfum og snyrtistofum. Það sem einkennir þá brotþola er að þeir eru af erlendum uppruna og í leit að betra lífi. Algengt er að dvalarleyfi sé tengt atvinnu viðkomandi sem setur fólk í afar viðkvæma stöðu gagnvart atvinnurekanda.

Nauðungarhjólabönd geta birst með margvíslegum hætti. Ein birtingarmynd er þegar gerandi þarfnast dvalarleyfis og setur brotþola í skuld sem brotþoli greiðir með því að ganga í hjólaband með geranda til að tryggja dvalarrétt hans. Skuldirnar geta til dæmis stafað af fíkniefnaneyslu eða því að brotþoli hafi áður sest að á Íslandi með aðstoð þriðja aðila, sem síðan krefst endurgreiðslu fyrir þá aðstoð. Kynferðisleg ánaud er nátengd þessari birtingarmynd og er líklega algeng, en jafnframt mjög dulin. Í slíkum tilvikum getur brotþoli til dæmis komið til Íslands í góðri trú með aðstoð geranda, en síðan verið hneptur í ánaud. Erfitt hefur reynst að rannsaka málamyndahjólabönd í tengslum við veitingu dvalarleyfa á grundvelli hjúskapar, en ljóst er að bæði nauðungarhjólabönd og málamyndahjólabönd geta verið birtingarmyndir mansals á Íslandi.

Engin heildstæð tölfræði er til um nauðungarhjólabönd eða kynferðislega ánaud, en sterkur og rökstuddur grunur er um að þessi brot tíðkist á Íslandi. Áhyggjur af slíkum málum koma reglulega fram í samtölum starfsfólks Bjarkarhlíðar og annarra hagaðila. Þegar brotþoli hefur gengið í hjólaband með geranda getur myndast verulegt valdaójafnvægi, til dæmis ef dvalarleyfi byggist á hjúskapnum. Einnig hefur komið fram í ráðgjafaviðtölum innan kjarnastarfsemi Bjarkarhlíðar að slíkt valdaójafnvægi getur haft mjög skaðleg áhrif á brotþola, jafnvel þótt ekki sé um mansal að ræða í lagalegum skilningi.

Nauðungarþjónusta er birtingarmynd mansals sem getur átt sér stað innan heimilis, til dæmis í tengslum við svokallaða au-pair vist eða annars konar vinnuvist. Þá hafa komið upp tilvik þar sem erlendir sjálfboðaliðar, sem koma til Íslands í leit að reynslu eða ævintýrum, festast í aðstæðum þar sem gerandi nýtir sér góðvild þeirra eða samfélagslega ábyrgðarkennd. Í slíkum tilvikum reynist sjálfboðastarfið ekki vera í samræmi við upphaflegt samkomulag, heldur felst í ólaunaðri vinnu án þess að vinnuframlag sé tilgreint með skýrum hætti. Slíkar aðstæður geta í reynd jafngilt þrældómi sem fólk hefur verið blekk't eða þvingað inn í og finnur ekki leið út úr.



Vændi virðist einnig vera mun algengara en opinber tölfræði gefur til kynna, en eðli málsins samkvæmt eru brotapolar í slíkum aðstæðum oft mjög jaðarsettir. Bjarkarhlíð leitar leiða til að ná betur til þessa hóps en það er vandmeðfarið þar sem óheimilt er að veita viðkvæmar persónuupplýsingar án samþykkis brotapola.

Þjónustupegar Bjarkarhlíðar hafa einnig nefnt þvinguð afbrot sem hluta af mansali, en það er þekkt birtingarmynd víða um heim. Brotapolar hafa lýst því að þeir hafi til dæmis verið neyddir í vændi, en jafnframt gert að fremja afbrot sem gerandi hagnast á. Innbrot, þjófnaður og fíkniefnainnflutningur eru meðal þeirra afbrota sem oft koma til umfjöllunar í samtölum við brotapola.

Í samtölum við barnavernd og aðra hagaðila hefur komið fram grunur um að börn hafi verið hneppt í mansal hér á landi. Í sumum tilvikum hafa börn komið til landsins í fylgd einstaklinga sem síðar reynast ekki vera foreldrar þeirra. Grunur um mansal hefur til dæmis vaknað þegar börn hafa verið gripin við þjófnað og lögregla eða barnavernd kölluð til. Slík mál hafa verið til rannsóknar hjá lögreglu, en samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki barnaverndar hefur ekki tekist að staðfesta mansal í þeim tilvikum.

Tölfræði Bjarkarhlíðar nær ekki til mála þar sem börn eru brotapolar, þar sem samtökin veita ekki börnum þjónustu og starfsfólk hefur ekki haft beina aðkomu að slíkum málum. Engu að síður er mikilvægt að halda utan um slíka tölfræði eftir fremsta megni og að aðilar sem að málum koma séu vakandi fyrir því að um mansal geti verið að ræða.





Mansalsmál sem komið hafa upp á Íslandi eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg og má ætla að þau mál sem enn hafa ekki komið fram í dagsljósið séu það einnig. Þó eru ákveðnir áhættuþættir einkennandi fyrir brotþola mansals, þar sem fátækt og jaðarsetning vega þyngst. Fólk sem býr við fátækt er viðkvæmara fyrir gylliboðum og/eða vafasömum atvinnutilboðum en aðrir. Ef fólk er þar að auki í litlum tengslum við samfélagið sem það býr í eykst hættan á misbeitingu og líkurnar á því að það leiti sér hjálpar minnka.

Konur eru viðkvæmur hópur, þar sem þær eru líklegri til að búa við fátækt og vera í undirskipaðri stöðu gagnvart geranda. Dæmi eru um að þjónustuþegar í kjarnastarfsemi Bjarkarhlíðar hafi upphaflega leitað eftir almennri þjónustu vegna ofbeldis, en síðar hafi komið í ljós að um mansal var að ræða. Þá er algengt að brotþolar geri sér ekki grein fyrir því að ofbeldið sem þeir hafa orðið fyrir sé mansal.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hefur fjallað um tengsl fötlunar og mansals í skýrslu sem gefin var út í mars 2024, Invisible Victims: The Nexus Between Disabilities and Trafficking in Human Beings. Þar er fjallað bæði um fötlun sem áhættuþátt og sem mögulega afleiðingu mansals. Sérstaklega eru nefndir fjórir áhættuþættir;

- að vera háð/ur umönnunaraðilum,
- takmarkað aðgengi að upplýsingum og úrræðum, tjáningarörðugleikar eða aðrir þættir sem takmarka getu til að leita sér aðstoðar,
- fordómar og mismunun sem fatlað fólk mætir.

Starfsfólk Bjarkarhlíðar hefur sérstakar áhyggjur af því að konur með fötlun séu í aukinni hættu á að verða brotþolar mansals. Hlutfall einstaklinga með fötlun meðal þjónustuþega Bjarkarhlíðar endurspeglar ekki hlutfall fólks með fötlun í samfélaginu í heild, sem getur bent til þess að sá hópur sé síður líklegur til að leita sér aðstoðar eða hafi takmarkaðra aðgengi að viðeigandi úrræðum. Þó hafa komið upp mál þar sem fatlaðar konur leita aðstoðar Bjarkarhlíðar vegna ofbeldis í nánú sambandi og síðar kemur í ljós að um gróft vændismansal var að ræða og aðra nauðung.

Fólk af erlendum uppruna telst einnig til áhættuhóps, eins og sjá má af hlutfalli brotþola með erlendan bakgrunn sem Bjarkarhlíð hefur haft afskipti af á undanförunum árum. Þessir einstaklingar eru oft jaðarsettir og má ætla að tengsl þeirra við samfélagið séu minni en almennt gerist. Tungumálakunnátta og læsi eru lykilforsendur þess að geta aflað sér upplýsinga og leitað sér aðstoðar. Meðal brotþola árið 2025 var áberandi hversu margir töluðu hvorki íslensku né ensku, sem gerir stöðu þeirra enn viðkvæmari.



Almennt má segja að líklegustu hóparnir til að verða fyrir mansali séu einstaklingar sem eru í undirskipaðri eða viðkvæmri stöðu og þekkja ekki rétt sinn til fulls. Þar má nefna einstaklinga sem búa við slæma félagslega stöðu, fötlun, tungumálaörðugleika eða vantraust gagnvart yfirvöldum.

Samstarf, fræðsla og fundir

Árið 2025 gafst rými til þess að efla tengsl Bjarkarhlíðar við hin ýmsu þjónustuúrræði, félagasamtök og stofnanir. Haldnir voru fundir með starfsfólki Ríkislögreglustjóra, Vinnumálastofnunar, Barna og fjölskyldustofu, Vinnuverndar og velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Fundir Bjarkarhlíðar og velferðarsviðs borgarinnar hafa verið fjölmargir og af mismunandi toga. Unnið er að sameiginlegu verklagi Bjarkarhlíðar og velferðarsviðs sem grípa á til í þeim tilfellum sem starfsfólk velferðarsviðs grunar að þjónustunotandi sé hugsanlegur brotapolí mansals. Bjarkarhlíð hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólk verkefnisins „Saman gegn ofbeldi“ (SGO), og „útlendingur í sérstökum aðstæðum“ úrræðið (ÚSA). Einnig er mjög gott samstarf við félagsráðgjafa félagsþjónustunnar varðandi mál sem ýmist koma upp í útköllum eða vegna þess að Bjarkarhlíð vísar á fyrirnefnd úrræði.

Gott samstarf hefur verið við borgina og hefur byggst upp þekking og reynsla í gegnum samstarfið sem hægt er að heimfæra á önnur sveitarfélög. Einnig felast fræðslumál í samstarfinu og hefur samhæfingarráðgjafi haldið fræðslu fyrir félagsráðgjafa en einnig er unnið að rafrænni fræðslu fyrir Reykjavíkurborg.

Barna- og fjölskyldustofa og Bjarkarhlíð hafa haft samráð vegna ýmissa áskorana þegar kemur að meðhöndlun mansalsmála og þjónustu við þolendur almennt. Bjarkarhlíð veitir eingöngu þjónustu við brotþola sem eru 18 ára og eldri, þó er margt líkt með málum er varða börn annars vegar og fullorðna hins vegar og því njóta báðir aðilar góðs af þessu samráði.

Haldnir voru fundir með starfsmanni greiningardeildar Ríkislögreglustjóra annars vegar og starfsmanni alþjóða- og landamærasviðs hins vegar þar sem farið var yfir hlutverk samhæfingarráðgjafa og mögulegt samstarf. Enn hefur ekki orðið af frekara samstarfi en vonir standa til að breyting verði á fyrr en síðar, sérstaklega vegna þess að þessar deildir vinna báðar við mansalmál á Íslandi enda er oft um alþjóðlega og skipulagða brotastarfsemi er að ræða.



Árið 2025 voru haldnir fundir með Vinnueftirlitinu þar sem báðir aðilar kynntu starfsemi sína og deildi Bjarkarhlíð í kjölfarið fræðsluefni sem hægt er afhenda hugsanlegum brotapolum. Vinnueftirlitið er í teymisvinnu með lögreglu á höfuðborgarsvæðinu og skattinum sem felur í sér vinnustaðaheimsóknir á staði þar sem grunur leikur á að verið sé að brjóta vinnuréttarlög, þar með talið þegar grunur leikur á vinnumansali.

Alþjóðleg samvinna

Starfsfólk Bjarkarhlíðar tók þátt í hringborðsumræðum Evrópuráðsins og dómsmálaráðuneytisins um aðgerðir gegn mansali 30. September 2025. Jafnframt situr starfsmaður Bjarkarhlíðar reglulega hringborðsumræður OSCE/ODHIR, þar sem farið er yfir áskoranir og verkefni sem mæta alls konar félagasamtökum, sem koma að mansalsmálum víðsvegar um heiminn. Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi skiptast á að sitja þessa fundi.

Árið 2025 sat Bjarkarhlíð reglulega fundi með starfsmönnum Alþjóðastofnunarinnar á sviði fólksflutninga (IOM). Afrakstur þessara funda felast annars vegar í fræðsluerindi sem haldið var á vegum IOM með aðstoð Bjarkarhlíðar og Vinnumálastofnunar og hins vegar í gagnkvæmri upplýsingagjöf. Bjarkarhlíð hefur fengið að nýta fræðsluefni frá IOM og hefur veitt stofnuninni upplýsingar um stöðu mansalsmála á Íslandi.

Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi safnar árlega upplýsingum fyrir TIP-skýrslu og hafa því verið haldnir upplýsingafundir með starfsmanni sendiráðsins, teymisstýru og samhæfingarráðgjafa. Þessi upplýsingaöflun er hluti af kortlagningu utanríkisþjónustu Bandaríkjanna á mansalsmálum á heimsvísu.

Fræðsla

Bjarkarhlíð leggur áherslu á að veita fræðslu um birtingarmyndir mansals og áhættuhópa, auk þess að skýra hlutverk samhæfingarráðgjafa. Eins og áður hefur komið fram er unnið að þróun rafrænnar fræðslu í samstarfi við Reykjavíkurborg. Fræðslan er hugsuð þannig að hún nýtist fleiri aðilum og sé aðgengileg á heimasíðu Bjarkarhlíðar og/eða hægt að senda hana í rafrænu formi.

Í samtölum við framlínufólk og aðra samstarfsaðila hefur ítrekað komið fram að gagnlegt væri að starfsfólk gæti afhent hugsanlegum brotapolum bækling eða QR-kóða, sem þau gætu skoðað síðar í næði frá atvinnurekanda eða hugsanlegum geranda. Því var hafist handa við að útbúa rafrænan bækling og vonir standa til að hægt verði að gefa hann út á fleiri tungumálum þegar fjármagn leyfir.



Fræðslufyrirlestrar hafa einnig verið haldnir á vegum Bjarkarhlíðar. Má þar fyrst nefna fyrirlestur sem fluttur var sem hluti af viðskipta- og mannréttindahraðli á vegum Global Compact UN þann 3. apríl 2025. Hraðallinn hjálpar fyrirtækjum að ná árangri í þágu mannréttinda og réttinda á vinnumarkaði. UN Global Compact eru samtök Sameinuðu þjóðanna um ábyrga viðskiptahætti.


Samhæfingarráðgjafi Bjarkarhlíðar var með erindi í innlotu í lögreglufræðinámi við Háskólann á Akureyri þann 3. október 2025. Lotan fól í sér hermipjálfun og fyrirlestra, þar sem sérstaklega var fjallað um tilbúið mál sem tengist vændismansali. Fræðslan frá Bjarkarhlíð fól í sér kynningu á starfsemi stofnunarinnar, hlutverki hennar varðandi mansalsmál, algengar birtingarmyndir mansals og líklega áhættuhópa.

Auk þessa eru reglulega starfsnemar í lögreglufræðum, félagsráðgjöf, hjúkrunarfræði og afbrotufræði í starfsnámi í Bjarkarhlíð. Samhæfingarráðgjafi upplýsir nema um mansal á Íslandi sem viðbót við grunnfræðslu um kjarnastarfsemi Bjarkarhlíðar. Þá berast reglulega beiðnir um viðtöl frá nemum í framhaldsskólum og háskólum í tengslum við ritgerðir og verkefni, og er orðið við þessum beiðnum eftir fremsta megni.

Verklag

Mikil vinna hefur verið lögð í verklag, verkfæri og stöðlun viðbragða starfsfólks Bjarkarhlíðar. Gerður hefur verið nýr viðtalsvísir til að nota í viðtölum við hugsanlega brotþola vinnumansals. Staðlaðar verklagsreglur um viðbrögð við mansali (Standard Operational Procedures) hafa einnig verið þýddar og aðlagðar að starfsemi Bjarkarhlíðar, en notast var við norræna fyrirmynd. Þá var verklag Bjarkarhlíðar uppfært með það fyrir augum að skýra hlutverk samhæfingarráðgjafa í mansalsmálum. Afrakstur þessarar vinnu verður hægt að sjá á heimasíðu Bjarkarhlíðar en nú þegar hefur verklagsreglum um viðbrögð við mansali sem og viðtalsvísi verið deilt með einstaka samstarfsaðilum.

Niðurstaða funda með tveimur mismunandi teymum Vinnumálastofnunar, annars vegar með JL-húsinu, sem hýsir umsækjendur um alþjóðlega vernd, og hins vegar fjölmenningardeild, var að mikill áhugi væri fyrir auknu samstarfi. Verið er að vinna að sameiginlegu verklagi með JL húsi en líklegt má teljast að starfsemin þar hafi snertifleti við starfsemi Bjarkarhlíðar. Þá er unnið með Vinnumálastofnun að því að virkja samráð og skipuleggja samráðsfundi reglulega án þess að mál sé í gangi. Þar með eru tengsl aðila sem vinna að mansalsmálum virkjuð og auðveldara fyrir framlínustarfsfólk að deila almennum upplýsingum og styðja þannig við hvert annað.



Mynd 1. kynjadreyfing brotþola mansals

Þjóðerni brotþola

Brotþolar voru frá Kína, Víetnam, Venesúela, Íslandi, Palestínu, Brasilíu, Gana og Filipseyjum. Langstærsti hluti hópsins kemur frá Kína eða 17 manns, brotþolar frá Víetnam voru um átta og frá Venesúela sex manns. Íslenskir brotþolar voru fjórir talsins en einn til tveir frá öðrum ríkjum.


Þjóðerni gerenda og tengsl við brotþola

Gerendur í þeim málum sem hægt var að fá upplýsingar um koma frá Íslandi, Víetnam, Póllandi, Portúgal, Venesúela og Ghana. En algengast var að gerendur væru íslenskir annars vegar eða í sjö tilfellum (16%) og víetnamskir hins vegar eða í sex málum (13.9%) Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um þjóðerni gerenda í 17 málanna sem upp komu á síðasta ári.

Algengast var að gerandi væri yfirmaður eða ættingi/vinur/kunningi brotþola. Í tveimur tilfellum var gerandi maki brotþola. Í sjö af tíu vændismansalsmálum voru gerendur annað hvort makar eða ættingjar/vinir/kunningjar brotþola, í einu málanna kom fram að vændi hafi tengst vinnustað og gerandi yfirmaður. Gerendur í tveimur málanna tengdust brotþolum með öðrum hætti.

Kyn brotþola og tegund mansals

Árið 2025 kom Bjarkarhlíð að 44 mansalsmálum, þar af voru 25 brotþolar karlmenn (57%), 18 konur (41%) og einn aðili skilgreinir sig kynsegin. 33 málanna teljast vinnumansali eða um 77%. Þá komu upp tíu vændismansalsmál á árinu eða um 23% og eitt mál var skilgreint sem þjónustuánauð á heimili. sjá myndir eitt og tvö.




Mynd 2. Tegundir mansals sem komu til vinnslu Bjarkarhlíðar árið 2025

Tölulegar upplýsingar



Af þeim brotapolum sem Bjarkarhlíð hafði afskipti af með einum eða öðrum hætti töluðu 30 (65%) þeirra hvorki íslensku né ensku, 27 (63%) af brotapolum yfirgáfu heimaríki til þess að finna atvinnu og betri möguleika til framfærslu. Af þeim brotapolum sem ráðgjafi talaði við kváðust átta (17% af heildarfjölda) óttast að upplýsa um dvalarrétt ef þau væru spurð af ókunnugum og átta vantreystu yfirvöldum eða sættu hótunum um að vera afhent yfirvöldum. Þá kváðust 9 (21%) ekki fá laun eða höfðu lítil yfirráð yfir launum sínum og 14 (32,5%) kváðust hafa unnið langan vinnudag um langt skeið og ekki fá frídaga. Þá báru níu brotapolar því við að ekki hafi verið staðið við gefin loforð og sjö (16%) kváðust vinna starf/hafa unnið starf gegn vilja sínum.



Mynd 3. hlutfall þeirra brotapola sem komu í viðtal til Bjarkarhlíðar og þeirra Bjarkarhlíð hafði ekki bein samskipti við

Þess skal getið að ekki allir brotapolar komu í viðtal/skimun í Bjarkarhlíð. Í viðtal í Bjarkarhlíð komu 19 manns sem eru 45% brotapola mansalsmála sem Bjarkarhlíð kom að með einum eða öðrum hætti. Þeir brotapolar sem fengu þjónustu frá öðrum stofnunum eða þjónustuveitendum voru 24 (55%) og í þeim tilvikum var Bjarkarhlíð í hlutverki ráðgefandi aðila eða með milligöngu um þjónustu.

Í töflu 1 á blaðsíðu 13 hefur hlutfall svara verið reiknað annars vegar af heildarfjölda brotapola mansals sem Bjarkarhlíð hafði afskipti af og hins vegar af svörum þeirra sem komu í viðtal í Bjarkarhlíð og skimun. Eins og sjá má munar miklu þar á milli en stór hluti brotapola sem skimaðir voru unnu langan vinnudag um langt skeið án þess að fá frídaga. En um helmingur svarenda töldu gefin loforð hafa verið svikin og fengu lítil laun eða höfðu ekki yfirráð yfir launum sínum. Þá vantreysta um 42% yfirvöldum, sæta hótunum um að vera framseld yfirvöldum eða óttast að upplýsa um dvalarrétt sinn. Um 37% þeirra brotapola sem komu í viðtal í Bjarkarhlíð kváðust vinna tiltekið starf gegn vilja sínum.




	hlutfall af heildarfjölda	hlutfall af þeim sem komu í viðtal
Óttast að upplýsa um dvalarrétt	17%	42%
Vantreysta yfirvöldum eða sæta hótunum um að vera afhend yfirvöldum	17%	42%
Fá ekki laun/lítil yfirráð yfir launum	21%	47%
Vinna langan vinnudag og fá ekki frídaga	32,5%	74%
Ekki hefur verið staðið við gefin loforð	21%	47%
Vinnur starf gegn vilja sínum.	16%	37%

Tafla 1. hlutfall af heildarfjölda og viðmælenda Bjarkarhlíðar

Dvalarréttur

22 (51%) aðilar af heildarfjölda voru ekki með dvalarrétt á Íslandi en kusu að dvelja hér áfram. Þar af sóttu 14 aðilar um alþjóðlega vernd eftir að lögregla eða aðrir aðilar höfðu af þeim afskipti vegna hugsanlegs mansals. Bjarkarhlíð aðstoðaði tvo aðila með umsókn um umþóttunarleyfi en sex aðilar vildu aðstoð við að tryggja sér áframhaldandi dvalarrétt á annan hátt. Sjá mynd fjögur. Eina formlega aðkoma Bjarkarhlíðar að dvalarleyfismálum brotaþola er, ef ástæða er til, er sótt um umþóttunar – eða mansalsleyfi (dvalarleyfi á grundvelli 75. og 76. grein útlendingalaga).




Mynd 4. fjöldi brotaþola sem sóttu um dvalarrétt á Íslandi.



Þessi dvalarleyfi eru ætluð brotapolum mansals sem vilja taka sér umþóttunartíma á Íslandi eða þurfa að vera á landinu til að aðstoða við rannsókn máls. Einnig er hægt að veita þessi dvalarleyfi brotapolum mansals gefi persónulegar aðstæður þeirra tilefni til að ætla að þeim sé ekki óhætt að yfirgefa landið. Bjarkarhlíð getur aðstoðað fólk við að leita sér upplýsinga vegna annars konar dvalarleyfa en tekur ekki að sér að sækja um dvalarleyfi eða hefur milligöngu um slíkt að öllu jöfnu. Útlendingastofnun hefur ekki setið í aðgerðateymi nema þegar sótt er um umþóttunar- eða mansalsleyfi.

Tilvísanir Bjarkarhlíðar

Sex aðilar (13,6%) fengu aðstoð við heimför, með aðstoð heimferða- og fylgdadeildar Ríkislögreglustjóra annars vegar og hins vegar með aðstoð ÚSA. Einstaklingar sem eru hugsanlegir brotapolar mansals og hafa evrópskt ríkisfang eða geta sýnt fram á að hafa dvalarrétt í Evrópuríki geta sótt um aðstoð til heimfarar hjá ÚSA úrræði þess sveitarfélags sem þeir dvelja í.



Mynd 5. Aðstoð við heimför skv þjónustuaðila.

Af þessum sex aðilum fengu þrír aðstoð heimferða- og fylgdadeild ríkislögreglustjóra og þrír fengu aðstoð frá ÚSA. Þeir einstaklingar sem fóru til heimaríkis með aðstoð ríkislögreglustjóra höfðu allir sótt um alþjóðlega vernd og ýmist fengið synjun eða dregið umsókn sína til baka. sjá mynd fimm.


Aðrir brotapolar sem sóttu um dvalarrétt (16 einstaklingar) kláruðu umsóknarferli með annað hvort synjun og brottvísun í kjölfarið eða fengu dvalarleyfi.

Um helmingur brotapola sótti ekki um dvalarrétt. Ýmist var um Íslendinga að ræða, fólk sem búið var að tryggja sér dvalarrétt eða ætlaði aldrei að setjast að á Íslandi.

Tölulegar upplýsingar




Til félagsþjónustu sveitarfélaga eða ÚSA bárust 11 beiðnir, þar af voru sex beiðnir um fjárhagslegan stuðning, þrjár beiðnir um aðstoð við að finna húsnæði og tveir einstaklingar þáðu þjónustu félagsráðgjafa við aðrar áskoranir. Í þessu samhengi má minna á að 14 brotapolar sóttu um alþjóðlega vernd og þáðu alla þessa þjónustu í gegnum móttökumiðstöð og þjónustu vinnumálastofnunar.



Mynd 6. Þjónusta veitt af velferðasviði sveitarfélaga

Af þeim 19 manns sem getið er hér að framan og þáðu viðtal hjá Bjarkarhlíð var hægt að vísa fimm brotapolum (11%) til félagsráðgjafa sveitarfélags og fjórum brotapolum í „útlendingur í sérstökum aðstæðum“ úrræði (9%). Tveir (4,5%) einstaklingar þáðu í framhaldinu viðtal hjá Stígamótum, 1 aðili fór í Kvennaathvarfið, átta aðilum var vísað til ASÍ (18%) og tveimur (4,5%) til stéttarfélaganna. Mest var óskað var eftir aðstoð við að finna húsnæði, framfærslu og við að tryggja dvalarrétt.. Bjarkarhlíð aðstoðaði einnig tvo aðila (4,5%) við að sækja þjónustu neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota og einn aðila við að sækja almenna lækniþjónustu. Sjá mynd sjö.




Mynd 7. tilvísanir í þjónustu utan Bjarkarhlíðar



Vændismansal

Vændismansalsmálin voru 10 talsins á árinu, níu konur og einn kynsegin einstaklingur. Íslenskir brotapolar voru fimm, tveir voru kínverskir, tveir frá Venesúela, einn frá Nígeríu. Íslensku brotapolarnir áttu það sameiginlegt að panta tíma sjálf hjá Bjarkarhlíð eða fá tíma í gegnum Saman gegn ofbeldi úrræðið sem þjónustar brotapola heimilisofbeldis í Reykjavík. Flest íslensku brotapolana komu upphaflega til Bjarkarhlíðar til þess að ræða kynferðisofbeldi eða ofbeldi í nánu sambandi en svo kemur í ljós í viðtali að mansal hefur átt sér stað þar að auki. Einnig er vert að benda á að íslenskir brotapolar tilheyra öll jaðarhópum sem rætt er um í kaflanum um áhættuhópa, þar ber að nefna helst; að búa við geðrænar áskoranir, fötlun, fátækt eða að vera kynsegin.



Mynd 8. Þjóðerni brotapola í vændismansali

Brotapolar af erlendu bergi komu til Íslands að eigin sögn í þeim tilgangi að vinna í vændi. Ekkert þeirra vildi tala um geranda vændismansals og virtust í raun ekki líta svo á að vændissali væri gerandi. Þá var helst talað um að fjárhagslegar ástæður væru fyrir því að þau stunda vændi. Það má því leiða að því líkur að brotapolar búi við fátækt en minna er vitað um aðrar áskoranir sem gætu skýrt að einstaklingar séu í fleiri áhættuhópum eða berskjölduð gagnvart gerendum vændismansals.

Mjög erfitt reynist að byggja traust á milli ráðgjafa og brotapola en fyrir því eru margar ástæður en sérstök áskoranir er fólgin í því að ná til þolenda vændismansals og veita viðeigandi þjónustu.

Vinumansal


Vinumansalsmálin tengdust veitingastöðum, ferðaþjónustu, byggingariðnaði, fiskvinnslu eða snyrtistofum. Breytingin sem hefur á dreifingu vinnumansals síðan í síðustu skýrslu er að málin eru að koma upp í fleiri atvinnugreinum. Stærsti hluti þeirra sem komu í viðtöl í Bjarkarhlíð eru að vinna á snyrtistofum en töluvert af málunum hafa verið tekin til rannsóknar hjá Lögreglu eða í gegnum verndarkerfið án þess að Bjarkarhlíð hafi veitt beina þjónustu til brotapola. Þá er sérfræðingur Bjarkarhlíðar í hlutverki samræmingaraðila án þess að veita brotapolum ráðgjöf. Í einhverjum þessara mála hefur ekki verið skýrt í hvaða atvinnugreinum mansal á sér stað og hefur ekki tekist í öllum málum að skilgreina hvort um mansal eða smygl á fólki sé að ræða áður en brotapolar fara af landi brott.



Þjónustúanáuð

Ein manneskja hafði samband við Bjarkarhlíð vegna þess að hún taldi sig vera í þjónustúanáuð sem henni þótti erfitt að brjótast út úr. Hún hafði samband við Bjarkarhlíð eftir að hafa lesið bækling Útlendingastofnunar sem skrifaður var fyrir Au-pair fólk á Íslandi. En viðkomandi vildi ekki leggja fram kæru og var tilbúin að skipta um vistfjölskyldu þegar samningi var rift. Bjarkarhlíð hefur haft áhyggjur af Au-pair menningarskiptum á Íslandi og aðbúnaði þeirra sem hingað sækja í þeim tilgangi. Þarna er um að ræða jaðarsettan hóp sem nýtur ekki réttinda sem starfsfólk þó þau hafi skrifað undir vistráðningarsamning. Au-pair skuldbindur sig til að vinna 30 stunda vinnuviku, fá einungis einn dag í viku í frí og vasapeningar sem vistfjölskylda greiðir eru 15.000 kr á viku.

Ekkert opinbert eftirlit er með vinnuaðstæðum og ekkert stéttafélag hefur það hlutverk að gæta hagsmuna Au-pair vinnufólks. Þetta setur fólk sem hingað kemur sem Au-pair í viðkvæma stöðu, þau þurfa að reiða sig á að samningur við vistfjölskyldu haldi vilji þau vera á Íslandi, eru líkleg til að einangrast á heimili og er þeim því erfitt um vik að sækja sér aðstoð. Bjarkarhlíð óttast að fjöldi þeirra sem verða fyrir ofbeldi innan þessa hóps sé töluvert stærri en tölfræðin segir til um einmitt vegna þessarar viðkvæmu stöðu.





Óskýrt hlutverk samhæfingarráðgjafa Bjarkarhlíðar

Helsta áskorun sem samhæfingarráðgjafi mansalsmála í Bjarkarhlíð stendur frammi fyrir er að ekki hefur tekist með sannfærandi hætti að afmarka og skýra hlutverk hans gagnvart öðrum þjónustuaðilum eða lögregluembættum Samt sem áður liggur fyrir samningur við félags- og húsnæðismálaráðuneyti þar sem verkefni eru skilgreind. Það er ljóst að nauðsynlegt er að skerpa á þessu og skilgreina betur aðkomu Bjarkarhlíðar. Það þarf að vera skýrt að aðrir aðilar sem vinna í mansalsmálum eigi að vera í samstarfi við Bjarkarhlíð og að hlutverk Bjarkarhlíðar sé að halda utan um þau mál sem koma upp og samhæfa þjónustu.

Algennt er að lögregluembætti hafi samband við Bjarkarhlíð eftir að rannsókn máls er hafin og vinnsla málsins komin á það stig að brotapolar geti yfirgefið lögreglustöðina. Þá felst aðkoma Bjarkarhlíðar oft í að útvega húsnæði. Í þessum tilfellum þar sem vinnsla málsins er hafin verður minna svigrúm til að byggja upp traust milli brotapola og starfsfólks Bjarkarhlíðar eða annars starfsfólks sem veitir þjónustu en það er lykilþáttur í því að tryggja nauðsynlega og samfelda þjónustu. Bjarkarhlíð hefur orðið vör við að ef ekki er þörf á að tryggja húsnæði er jafnvel ekki haft samband við Bjarkarhlíð. Þetta gerist þó að brotapolari hafi ýmis réttindi sem nauðsynlegt er að kynna fyrir honum og hafi þörf fyrir þjónustu.

Til þess að tryggja brotapola þjónustu og auðvelda samstarf viðeigandi aðila sem þurfa að koma að mansalmálum er nauðsynlegt að Bjarkarhlíð fái aðkomu að málum strax í upphafi svo hægt sé að virkja viðbragð í byrjun ferlis þó ekki sé alltaf aðhafst frekar. Að öðrum kosti er hætta á að brotapolari sjái sér ekki hag í að stíga út úr þeim aðstæðum sem hann er

Lögreglusamstarf

Lögreglan óskar ekki alltaf eftir aðkomu Bjarkarhlíðar þegar mansalsmál koma upp, Bjarkarhlíð telur að mikilvægt geti verið fyrir brotapola að fá aðgang að samhæfingarráðgjafa Bjarkarhlíðar sem getur stutt við hann og komið málum hans í farveg í samráði við lögreglu. Þá getur samhæfingarráðgjafi jafnvel verið búin að huga að praktískum málum í tíma og virkja viðeigandi stofnanir sem þurfa að koma að málum sem samþykki brotapola. Þar sem engin bakvakt er í mansalmálum þá þarf að bregðast við þörfum brotapola fyrir þjónustu á dagvinnutíma og því mikilvægt að fá tíma og svigrúm til þess.

Bjarkarhlíð hefur í mörgum tilfellum ekki haft aðkomu að málum, og því ekki getað gert þarfagreiningu eða stutt við brotapola sem leiðir af sér að brotapolari fær ekki þá þjónustu sem honum ætti að standa til boða.

Áskoranir og tækifæri



Húsnæðismál

Öruggt húsnæði er lykilþáttur í að tryggja öryggi og stöðugleika fyrir brotapolansals. Samkvæmt 15. grein laga um þjónustu sveitarfélaga ber félagsþjónusta að veita erlendum ríkisborgurum aðstoð í neyðartilvikum. Úrræðið „Útlendingur í sérstökum aðstæðum“ (USA) felur meðal annars í sér gistingu, lágmarksframfærslu og aðstoð við heimför. Einstaklingar í vanda, þar á meðal hugsanlegir brotapolansals, geta sótt um slíka aðstoð.

Að tryggja brotapolansals öruggt húsnæði hefur reynst áskorun undanfarin ár og ekki hefur tekist að leysa þann vanda með fullnægjandi hætti. Kvennaathvarfið hafði fram til ársins 2026 tekið á móti konum og kynsegin brotapolansals. Félagspjónusta sveitarfélaga hafa greitt fyrir gistinætur á gistiheimilum en bæði þarf að virkja það viðbragð á dagvinnutíma en einnig hefur komið fyrir að ekki hefur verið hægt að tryggja öryggi þolansals með þeim hætti. Því er staðan sú að að enn vantar úrræði sem getur tekið á móti þolansals á öllum tímum sólarhrings og þar sem hægt er að tryggja öryggi þeirra.

USA í Reykjavík veitir þolansals aðstoð að beiðni Bjarkarhlíðar, en sú þjónusta takmarkast við skrifstofutíma og byggir úrræðið á því að brotapolansals geti mætt til þeirra í viðtal. Ekki hefur tekist að virkja samstarf við félagsþjónustu sveitarfélaga á fyrstu stigum mála með þeim hætti að tryggja megi húsnæði án tafar eða formlegs viðtals. Í framkvæmd hefur hlutverk Bjarkarhlíðar því að miklu leyti falist í að leiðbeina öðrum aðilum um að vísa brotapolansals í viðeigandi þjónustu.

Öryggi brotapolansals

Tryggja þarf öryggi brotapolansals til að koma í veg fyrir frekari áföll eða að einstaklingar snúi aftur í skaðlegar aðstæður. Þetta á bæði við um líkamlegt og sálfélagslegt öryggi. Engin úrræði eru til staðar sem tryggja öryggi brotapolansals. Félagspjónusta sveitarfélaga, sérstaklega í Reykjavík, hefur veitt mikilvægan stuðning og samstarf við Bjarkarhlíð er gott. En húsnæðisúrræði sem þau geta boðið brotapolansals upp á hefur verið að greiða fyrir gistingu á gistiheimilum. Þar sem brotapolansals eru oft í viðkvæmri stöðu á fyrstu stigum mála er mikilvægt að tryggja öryggi ásamt því að byggja upp félagsleg tengsl og stuðla að virkni.

Gistiheimilin sem félagsþjónustan útvegar eru, eðlilega, þau ódýrustu sem eru í boði hverju sinni þessi gistiheimili eru oft „ómönnuð“ með eins konar sjálfsafgreiðslunnritun (self check-in). Óviðkomandi mannaferðir vekja síður athygli í slíku húsnæði og því eru þetta oft sömu gistiheimili og gerendur útvega fyrir skipulagða glæpastarfsemi eins og vændismansal. Þessi tegund gistiheimila verður fyrir valinu fyrir vændismansal einmitt vegna þess að eftirlit er lítið og aðgengi kaupenda vændis að þolansals vændismansals auðvelt.



Því hafa komið upp dæmi þess að brotaþoli hafi verið fluttur til á milli herbergja á sama gistiheimili sem tryggði alls ekki öryggi hans og gerandi hafði eftir sem áður greiðan aðgang að brotaþola.

Bjarkarhlíð telur því nauðsynlegt að þróa sérhæft úrræði fyrir brotaþola mansals, þar sem aðgengi væri að þjálfuðu starfsfólki og öryggi væri viðeigandi. Slík úrræði myndu styðja einstaklinga í viðkvæmri stöðu í fyrstu skrefum í átt að sjálfstæðu lífi.

Það eru veikleikar í núverandi fyrirkomulagi og það er þörf fyrir öruggari og markvissari úrræði.

Persónuverndarmál

Í samskiptum við stofnanir og aðra hagaðila hafa persónuverndarlögin verið nefnd ítrekað. Algengt er að starfsfólk veigri sér við að vera í samband við Bjarkarhlíð til að fá upplýsingar eða aðstoð af ótta við að brjóta persónuverndarlög. Ekki er enn ljóst hversu mikil áhrif þessi hindrun hefur haft en þó er mikilvægt að tryggja það með einum eða öðrum hætti að samstarfsaðilar frá öðrum samtökum og/eða stofnunum geti haft samband við Bjarkarhlíð og deilt upplýsingum. Að minnsta kosti þarf að vera hægt að greina málin saman þegar mál koma upp.

Teymisstýra og samhæfingarráðgjafi áttu gagnlegan fund með starfsfólki Persónuverndar í mars 2025 þar sem fram kom að tvær leiðir væru mögulega færar til vinnslu upplýsinga. Annars vegar að líta svo á að Bjarkarhlíð, sem frjáls félagasamtök, falli undir heimild í persónuverndarlögunum sem heimila vinnslu upplýsinga. Þetta á við í þeim tilvikum sem þjónustuþegi óskar eftir þjónustu og vinnsla upplýsinga er nauðsynleg til þess að veita þessa þjónustu. Hins vegar væri möguleiki að heimilt væri að vinna með upplýsingar ef Bjarkarhlíð hefði lögbundið hlutverk í umboði yfirvalda sem tilgreint væri í þjónustusamningi. Samningur sem Bjarkarhlíð og ráðuneytin hafa gert vegna mansalsmála felur ekki í sér þessa útvistun lögbundins hlutverks hins opinbera en mikilvægt er að skoða þessi mál betur og útfæra og nauðsynlegt er að fara í þá vinnu sem fyrst.

Barnaverndarmál

Komið hefur upp í samtölum Bjarkarhlíðar við félagsþjónustu, barnaverndir, Barnahús og Barna- og fjölskyldustofu að lítið utanumhald sé í málum þar sem upp kemur grunur um mansal þar sem börn eru hugsanlegir þolendur. Þrátt fyrir að oft hafi komið upp mál þar sem grunur leikur á að slíkt eigi sér stað. Bjarkarhlíð myndi gjarnan vilja formgera samstarf við barnaverndir og/eða barnaverndaryfirvöld og finna leiðir til að samhæfingarráðgjafi Bjarkarhlíðar í mansalsmálum komi að.



Mikilvægt er að halda utan um fjölda mála og birtingarmyndir til þess að fá betri yfirsýn. Þar sem hlutverk Bjarkarhlíðar er einnig að bera kennsl á vankanta í kerfinu og í samvinnu á milli kerfa, þá er vakin athygli á því að þörf fyrir rýningu á þessu.

Þar sem Bjarkarhlíð veitir börnum ekki ráðgjöf eða stuðning hefur samhæfingarráðgjafi ekki haft formlega aðkomu að barnaverndarmálum. Það mælir samt ekkert á móti því að hann hafi hlutverk þar. .

Aðstoð við heimför

Eins og áður hefur komið fram vilja brotapolar í sumum tilvikum snúa til heimaríkis og í öðrum tilvikum er brotapolum gert að snúa til heimaríkis. ÚSA hefur aðstoðað fólk með erlendan bakgrunn við að snúa heim, með vísan í 7.tl 3.gr reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði. Þá hefur verið gengið úr skugga um að hvorki brotapol geti staðið undir kostnaði við heimför, né heimaríki.

ÚSA hefur heimild til að greiða ferðakostnað vegna heimfarar og vasapening á meðan á dvöl á Íslandi stendur, en annar kostnaður sem getur komið upp, t.d. á ferðalaginu heim, er ekki greiddur. Sem dæmi þá hafa komið upp mál þar sem brotapol þarf að millilenda á leiðinni heim en viðkomandi hafði ekki fé til að greiða fyrir uppihald á leiðinni og önnur samtök voru að útbúa nesti fyrir þolandann til að hafa á ferðalaginu. Slíkt setur þolanda í viðkvæma og undirskipandi stöðu og er fullkomlega háð góðvild annarra. Eins geta komið upp óviðráðanlegar aðstæður eins og töf á flugi eða annað slíkt. Fjölmargir brotapolar hafa farið héðan í ótryggar aðstæður. Einnig geta brotapolar lent í sömu aðstæðum þegar þau snúa tilbaka þar sem það er alltaf aukin hættu á endurteknum áföllum eða að mansal hefjist á ný í öðrum löndum.

Þá þarf einnig að vera skýrt hver ábyrgð Íslands er gagnvart mansalsþolendum sem hafa sætt mansali í öðru ríki/ríkjum og vilja leita skjóls hér. Það þarf einnig að liggja fyrir hvaða þjónustu Ísland ætlar að veita. Þá er mikilvægt að skoða hvað er kveðið á um í alþjóðasáttmálum í þessu samhengi.

Áskoranir og tækifæri



Teymisstýra og samhæfingarraðgjafi Bjarkarhlíðar sátu fund með fulltrúum frá International Organisation of Migration (IOM) og á þeim fundi kom fram að hægt væri að semja um sömu þjónustu fyrir brotþola mansals og þá sem IOM veitir nú þegar í samstarfi við Útlendingastofnun, en sú þjónusta byggir á að aðstoða fólk sem hefur fengið brottvísun eða frávísun og kýs að fara sjálfviljugt heim. Þá er ýmist ferðakostnaður greiddur eða fólk fylgt til heimaríkis og þjónustuþegar fá að auki fjárstuðning til þess auðvelda þeim að koma sér fyrir í heimalandi á ný. Bjarkarhlíð sér fyrir sér að slík þjónusta geti komið sér vel fyrir brotþola mansals og jafnvel minnkað hættu á endurteknum áföllum.





Mansalsmál halda áfram að vera áskorun í íslensku samfélagi og enn er þörf á umbótum í skilgreiningarferli mála og samræmingu þjónustu við brotþola. Eins og komið hefur fram hér að framan telur Bjarkarhlíð mikilvægt að hlutverk samræmingaraðila verði skilgreint skýrar. Einkum það að Bjarkarhlíð fái umboð til að kalla saman viðbragðsaðila og að viðbragðsaðilar tryggji einnig aðkomu samræmingaraðila að mansalsmálum í öllum tilfellum. Þannig verður samræmd þjónusta við brotþola tryggð í hverju máli fyrir sig og stuðningur við brotþola markviss.

Ein helsta áskorunin hefur verið að lögregla og aðrir fagaðilar líta ekki alltaf á hlutverk Bjarkarhlíðar sem skilgreiningaraðila, þar sem verksamningur er ekki til staðar. En hefur einnig áhrif á ákvarðanir um að deila upplýsingum. Annar veikleiki er að einungis er um tímabundið fyrirkomulag að ræða sem gerir erfiðara að byggja tengsl þar sem litið er á að hlutverk samræmingaraðila í mansalmálum sé hlutverk sem verði ekki til frambúðar.

Mikilvægur hluti af starfi samræmingaraðila Bjarkarhlíðar felst í að tengjast öðrum fagaðilum og byggja upp tengslanet sem hægt er að virkja þegar mansalsmál koma upp. Mikil áhersla hefur verið lögð á samstarf við félagasamtök og stofnanir sem þjónusta erlenda ríkisborgara og brotþola ofbeldis. Það er einnig mikilvægt að efla þekkingu starfsfólks í framlínu, sem hefur snertiflöt við brotþola mansals. En einnig að halda utan um þá þekkingu sem hefur skapast til að hægt sé að fræða fleiri aðila sem kunna að þurfa að bregðast við þegar mál koma upp þar sem grunur um mansal er að ræða eða rökstuddur grunur um slíkt.

Mikla þekkingu að finna hjá fjölmörgum aðilum sem veita þjónustu til viðkvæmstu hópa samfélagsins sem getur nýst vel í forvörnum og viðbrögðum við mansali. Þess vegna er tengslanetið sem Bjarkarhlíð hefur lagt áherslu á að byggja upp afar dýrmætt. Unnið verður áfram að því að efla það enn frekar.

Sérstök áhersla verður lögð á að efla samstarf við sveitarfélögin víðs vegar um landið. Sem og við félagasamtök sem sérhæfa sig í þjónustu við viðkvæma hópa innan samfélagsins, til dæmis fólk án húsnæðis, fólk í fátækt og fólk sem notar vímuefni. Einnig er mikilvægt að efla samstarf við alla aðra viðbragðsaðila svo sem bráðamóttöku Landspítala, neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota og fleiri aðila.

Eins telur Bjarkarhlíð mikilvægt að gera fræðsluefni og vinna að forvörnum eftir fremsta megni. Búið er að skrifa bækling á íslensku sem hefur verið birtur á heimasíðu Bjarkarhlíðar.

Umræða og framtíðarsýn



Enn er leitað leiða til að láta þýða bæklinginn og jafnvel prenta hann út svo hægt sé að afhenda hann þeim sem þurfa á að halda. Þá er rafræn fræðsla í vinnslu sem einnig verður birtá heimasíðu Bjarkarhlíðar og mögulega á heimasíðum samstarfsaðila.

Bjarkarhlíð vinnur að efni sem hægt er að miðla í skólum, til viðkvæmra hópa og til framlínustarfsfólks, þar sem lögð er áhersla á hættur sem geta skapast á netinu og á samfélagsmiðlum. Hægt er að gera tilkynningar eða útbúa auglýsingar sem birta má á samfélagsmiðlum eða innan hópa á samskiptaforritum, til dæmis Telegram, Signal eða Roblox. Þar er hægt að fræða fólk um þær hættur sem leynast og hvernig upplýsingar sem fólk þar gefur upp, oft án þess að gera sér grein fyrir því, geta verið nýttar af óprúttum aðilum. En nauðsynlegt er að beina sjónum að misnotkun á netinu eða með aðstoð gervigreindar þar sem það færast í aukana og fólk oft berskjaldaðra en það gerir sér grein fyrir. Bjarkarhlíð bindur miklar vonir við að hægt sé að efla forvarnir og fræðslu í samfélaginu vítt og breytt ekki síður en meðal framlínustarfsfólks víðsvegar um landið.

Að síðustu þá þarf að tryggja fjármagn fyrir stöðu samræmingaraðila til frambúðar og tryggja fjármagn í fræðslu og forvarnir.





Bjarkarhlíð
við Bústaðaveg
553 3000
bjarkarhlid@bjarkarhlid.is
www.bjarkarhlid.is